



STARFSMAFFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

4. tbl. 43. árg. sept. 2008

**Samninganefndir komnar á fullt
Kynning á námsframboði
Staðarhaldari á Úlfljótsvatni heimsóttur
Iceland Express flugávísanir**

Leiðari



Nú er hafinn starfstími þriðja meirihlutans og fjórða borgarstjórans á þessu kjörtímabili.

Menn geta haft á því mismunandi skoðanir hvaða pólitískur meirihluti sé æskilegastur. En ég held að allir séu sammála um að þessi hringlandaháttur sé ekki til góðs hvorki fyrir borgarbúa né starfsfólk borgarinnar.

Það er mál að linni og að nú sé kominn meirihluti sem endist út kjörtímabilið. Meirihluti sem hugar að mannauðnum, starfsmönnum borgarinnar. Hann hlusti á væntingar og markmið þeirra sem vinna að því að koma ákvörðun þessa meirihluta í verk. Hlusti á þá sem eru í forystu stéttarféлага þessara sömu starfsmanna. Og geri markmið þeirra að sínu í þeim kjarasamningum sem losna núna á haustmánuðum. Þetta á að sjálfsgöðu við um alla viðsemjendur félagsins. Það væri til gæfu fyrir alla aðila.

Í þeim kjarasamningum þarf að ræða fleira en laun, sem eru komin langt undir þau mörk sem lagt var upp með í upphafi kjarsamnings og þarfnast leiðréttingar að sjálfsgöðu.

Þar vil ég nefna endurhæfingarsjóð sem samið var um á almenna vinnu- markaðnum, hjá BSRB við ríkið og öðrum þeim sem hafa samið á árinu. Einnig aukið framlag í styrktarsjóð (sjúkrajóð) í samræmi við það sem ríkið samþykkti gagnvart sínu starfsfólki sem er í BSRB.

Kjara- og þjónustukönnun sem gerð var á fyrstu mánuðum ársins 2007 og kynnt var á haustmánuðum þess árs, sýndi að leiðréttur kynbundinn launamunur var um 16-17% meðal félagsmanna. Ýmislegt bendir til þess að það hafi ekki breyst og því hlýtur það að verða rætt í næstu samningum hvernig eigi að bregðast við gangvart þessu misrétti.

Starfsmat/trúverðugleiki.

Fram hafa komið áhyggjur hjá félagsmönnum sem settir eru undir starfsmat, varðandi starfsmatið sjálft og ýmislegt er það varðar. Er þá helst að nefna að þeim þykir starfsmatið vera illskiljanlegt og þeim finnst það ekki vera gagnsætt hvernig endurmat starfa fer fram og hver hefur frumkvæði að endurmati. Margir segjast ekki finna sig í þeim störfum sem lýst er og/eða sú lýsing nái ekki utan um starfið nema að hluta. Þetta er áhyggjuefni. Það er greinilegt að það þarf að fjölga starfsmatsráðgjöfum og skapa þeim þannig aðstöðu að þeir geti sinnt þessu vandasama verkefni. Ég tel það vera hlutverk þeirra að fylgja

eftir þeirri þróun sem er stöðugt í gangi í starfsumhverfi borgarinnar. Þeirra er að kanna, ef endurmatsemi berst frá stofnunum, starfsmönnum og félögum þeirra, hvort sú breyting sem gerð var valdi breytingu á mati starfs, því oft er erfitt að sjá fyrir hvort breyting á starfi valdi breytingu á mati. Þetta á við um skipulagsbreytingar sem og aðrar breytingar. Einnig verður, eins og rætt var um í upphafi, að senda starfsmatsráðgjafa með reglubundnum hætti út á örkina til þess að skoða störf á einstökum stofnunum og fyrirtækjum.

Til þess að trúverðugleiki þeirra sem vinna þetta verk náist þá verður það að vara hafið yfir allan vafa um að það sé sjálfstætt og faglegt og ekki undir hælunum hjá vinnveitanda eða stéttarfélagi.

Einkavæðing og útböð.

Að röng aðgerð sé betri en engin aðgerð á ekki við um fyrirtæki og stofnanir borgarinnar, sem hafa starfað með ágætum til margra ára. Þetta á ekki við stofnanir borgarinnar frekar en einstakling sem er við góða heilsu eða sjúkling sem er rangt greindur. Það inngríp sem gert er við slíkar aðstæður og er ekki nægilega vel ígrundað verður eingöngu til skaða, þó það komi ekki alltaf í ljós strax. Ráðamenn ríkis og sveitarfélaga hafa völd og áhrif og þurfa að fara vel með það. Ekki nota það til þess að traðka á þeim sem síst skyldi og í algeru tillitsleysi gangvart þeim sem hafa aðstoðað þessa sömu ráðamenn til að þjóna almenningsi eins og þeir voru kosnir til.

Fréttabréf

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339
strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Þorleifur Óskarsson

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formrmaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakobína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Ragnhildur Helgadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Víglundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri

Guðrún Árnadóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Ingveldur Jónsdóttir

Jón Ingi Hilmarsson -

Jónas Engilbertsson

Þóra Sigurðardóttir

Þórdís Sigurðardóttir

gardar@strv.bsrb.is

ragnhildur.helgadottir@reykjavik.is

gudridur@borgarbokasafn.is

viglundur.runar.jonsson@or.is

gudrunam@fel.rvk.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

ingo@grundaskoli.is

jhilmars@landspitali.is

holaberg@talnet.is

thoras@rvk.is

tordisey@itr.is

Samið við Fjármálaráðuneyti

Rétt fyrir miðnætti 25. maí undirritaði samninganefnd okkar, ásamt formanni nýjan kjarasamning við samninganefnd ríkissjóðs vegna þeirra félaga (utan háskólamenntaðra starfsmanna) sem starfa hjá ríkinu.

Samið var til skamms tíma eða til loka mars á næsta ári. Laun hækkuðu um 20.300 krónur frá 1. maí. Þessi hækkun nemur um 17,3% hækkun á lægsta taxta, en 4,3% hækkun á hæsta taxta. Einnig var samið um hækkun greiðslu ríkisins í styrktarsjóði BSRB um 0,2%, fer úr 0,55% í 0,75% um næstu áramót. Þá er í samningnum gengið frá ýmsum öðrum réttindamálum. Meðal annarra atriða sem samið var um er að desemberuppbótin hækkar úr 41.800 í 44.100 krónur. Ríkisstafsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar samþykktu kjarasamning BSRB við ríkið með 92,5% atkvæða þeirra sem greiddu atkvæði. 114 voru á kjörskrá og af þeim greiddu atkvæði 53 eða 46%. Já sögðu 49 eða 92,5%. Nei sögðu 4 eða 7,5%. Auðir og ógildir voru engir.

Samkomulag um háskólamenntaða félagsmenn

Samkomulag náðist við fjármálaráðuneytið í byrjun júlí vegna háskólamenntaðra starfsmanna sem starfa hjá ríkinu og eru félagsmenn í St.Rv.

Niðurstaða samkomulagsins varð á þá leið að farið verður eftir þeim kjarasamningi sem BSRB félagin hafa þegar gert fyrir ríkisstafsmenn innan bandalagsins. Félagsmenn voru sammála því að ganga ekki inn í það fyrirkomulag sem BHM fór það er að leggja niður Vísindasjóð. Samkomulagið var kynnt og að lokinni kynningu fór fram kosning um samninginn sem var samþykktur samhljóða af þeim sem tóku þátt.

Kjarasamningur við Félagsbústaði hf.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hefur gert nýjan kjarasamning við Félagsbústaði hf. Samningurinn er á svipuðum nótum og samningur BSRB við ríkið og gildir til 28. febrúar 2009. Samningurinn var kynntur á fundi með starfsmönnum og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

St.Rv. og Or skrifuðu undir nýjan kjarasamning

Samningar náðust milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Orkuveitu upp úr miðnætti 3. Júlí sl. Samningurinn gildir frá 1. maí 2008 til 31. desember 2010 með endurskoðunarákvæðum sambærilegum þeim sem samið var um á almennum vinnumarkaði. Kynningarfundur var haldinn fyrir félagsmenn. Kjarasamningurinn var samþykktur með meirihluta atkvæða. Á kjörskrá voru 279, en alls kusu 106 eða 37,99%. Já sögðu 99 eða 93,4%. Nei sögðu 5 eða 4,7% auðir voru 2 eða 1,9%.



Samninganefndir komnar í vinnugírinn



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á enn eftir að semja fyrir megnið af sínum félagsmönnum. En kjarasamningar losna við Reykjavíkurborg, Strætó bs., Faxaflóahafnir og Innheimtustofnun Sveitarfélaganna 31. október. Kjarasamningar við Akraneskaupstað eru lausir 31. nóvember.

Samninganefndir eru komnar á fullt í undirbúning, fundað var í upphafi sumars og í kjölfarið fór af stað vinna við undirbúning og söfnun gagna.

Nú á haustönn hófum við starfið með tveggja daga námskeiði á Úlfjótssvatni þar sem Eypór Eðvaldsson og Þórhildur Þórhallsdóttir tóku nefndirnar í krefjandi en skemmtilega vinnu. Hópurinn lofaði mjög góðu og ríkti mikill samhugur og stemning í hópnum sem lagði sig allan fram.

Nú stendur fyrir dyrum að fulltrúar í samninganefndum haldi fundi með félagsmönnum í sínum deildum. Mikilvægt er að þeir séu í sem bestum tengslum við félagsmenn.

Á heimasíðu félagsins eru upplýsingar um fulltrúa í samninganefndunum og einnig er verið að setja inn á heimasíðuna form sem félagsmenn geta sent inn hugmyndir fyrir komandi kjarasamninga á www.strv.is

*... ekki slegið slöku við unnið fram á kvöld og hafist handa snemma morguns.
Góður starfsandi ríkti í hópnum*

Þátttakendur í lok námskeið hressir og kátir eftir frábært námskeið.



Þarna erum við að lera á eigin beinum hvað samvinna er miklu auðveldari en einkaframtakið.



Tímamót í trúnaðarmannafræðslunni

Í vetur verður tekið upp nýtt form á trúnaðarmannafræðslu en það eru metnaðarfull og öflug þriggja daga trúnaðarmannanámskeið skipulögð af BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu (FA). Námskeiðin eru fimm talsins og byggjast upp á þrepakerfi. Þegar trúnaðarmaður hefur lokið þrepi 1 getur hann tekið þrep 2 og svo koll af kolli og eru trúnaðarmenn hvattir til að sækja BSRB/FA námskeiðin. Í vetur munu St.Rv. og SFR einnig bjóða trúnaðarmönnum upp á þriggja daga námskeið þar sem farið verður yfir starfssemi

stéttarfélaganna, kjarasamningana og lífeyrismál ásamt því að lögð verður áhersla á leiðtogaþjálfun.

Þetta nýja fyrirkomulag trúnaðarmannafræðslunnar tekur við af námskeiðunum Samstíga til framtíðar sem SFR og St.Rv. hafa staðið sameiginlega að undanfarin ár. Nú í haust verður 1. og 2. þrep BSRB námsins í boði, vorið 2009 1. - 3. þrep og síðan áfram þannig að vorið 2010 verða öll 5 þrepin í boði. Þá verða tvö SFR/St.Rv. námskeið í boði á haustönn.

Skráning í BSRB/FA námið fer fram á

skrifstofu BSRB í síma 525 8300 eða á netfangið bsrb@bsrb.is og verða trúnaðarmenn að skrá sig í samráði við sitt aðildarfélag (senda afrit á jakobina@strv.is). Skráning í fulltrúa/trúnaðarmannafræðslu St. Rv./SFR fer fram á www.strb.is.

Kennsla fer fram að Grettisgötu 89, 1. hæð, bæði fyrir BSRB námið og St.Rv. námskeiðið.

Námskeiðin eru trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu.

Boðið verður uppá trúnaðarmannanámskeið BSRB/FA sem hér segir:

V: vorönn H: haustönn

V-´08, H-´08, V-´09, H-´09, V-´10, H-´10

Prep 1			
Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Kynning Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða	Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða	Samskipti á vinnustað
Eftir hádegi 13.00 -16.00	Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða	Trúnaðarmaðurinn – starf hans og staða	Samskipti á vinnustað Samantekt og mat á námi og námsleið

H-´08, V-´09, H-´09, V-´10, H-´10

Prep 2			
Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Starfsemi stéttarfélagsins - kjarasamningar	Vinnuréttur	Launaseðlar og launaútreikningar
Eftir hádegi 13.00 -16.00	Starfsemi stéttarfélagsins - kjarasamningar	Vinnuréttur Samantekt og mat á námi og námsleið	Fjölmening (val)

V-´09, H-´09, V-´10, H-´10

Prep 3			
Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Hagfræði	Að standa upp og tala	Samskipti á vinnustað
Eftir hádegi 13.00 -16.00	Hagfræði	Að standa upp og tala Samantekt og mat á námi og námsleið	Samskipti á vinnustað

H-´09, V-´10, H-´10

Prep 4			
Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Stjórnunarstílar og leiðtogar (val)	Kynning Skipulögð vinnubrögð	Samningatækni
Eftir hádegi 13.00 -16.00	Einelti á vinnustað (val) Samantekt og mat á námi og námsleið	Skipulögð vinnubrögð	Samningatækni

V - ´10, H-´10

Prep 5			
Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Samtalstækni og íhlutun	Vinnueftirlit - vinnuvernd	Hnattvæðing – erlendir starfsmenn (Val)
Eftir hádegi 13.00 -16.00	Samtalstækni og íhlutun Samantekt og mat á námi og námsleið	Vinnueftirlit - vinnuvernd	Fyrirtækjasamningar (val) Samantekt og mat á námi og námsleið

H - ´10

Prep 6 - Viðbótarval		
Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Kynning á náms- og starfsráðgjöf	Færnimappa talsmannsins
Eftir hádegi 13.00 -16.00	Færnimappa talsmannsins	Færnimappa talsmannsins Samantekt og mat á námi og námsleið

Mataruppskriftir

Anna Karen Kristinsdóttir verkefnisstjóri í Ráðhúsi Reykjavíkur



Anna Karen er einn af okkar félagsmönnum sem sögur fara af fyrir snilld í matargerð því leitaði fréttabréfið til hennar. Hvetjum við félagsmenn til þess að bjóða fram uppskriftir eða benda fréttabréfi á ef þeir vita um félagsmenn sem luma á góðum uppskriftum í netfang jakobina@strv.bsrb.is

BRJÁLADA SÚPAN!

frábær til að hreinsa út kvef og margt fleira

Í tvo til þrjá lítra af vatni fara 2 kjúklingasúputeningar

1 stk. púrrulaukur gróft skorinn
4 vænar gulrætur skrældar og gróft skornar
1 1/2 - 2 dsl. engifer, raspapur
3-4 hvítlauksrif, mega fara heil eða söxuð í pottinn
ca 1/2 tsk. chilli mauk (fæst í krukum og geymist lengi í ísskáp)

ca 1 tsk. svartan nýmalaðan pipar
2-3 kjúklingabringur, skornar í fína strimla
Nú á þetta að ná góðri suðu svo pottþétt sé að kjúlli sé soðinn.

Rétt áður en súpan er borin fram skal setja kínakál (skorið í strimla) og tælenskar eða aðrar (ca 1/3 poka) núðlur úti.

Þessi súpa er algjört æði og tekur ekki langan tíma. Áríðandi er að setja kínakálið og núðlurnar allra síðast í.

Gott er að strá röspuðum engifer yfir í hverja skál og chilli mauk fyrir þá sem vilja.

Rosalega gott og einfalt Bananabrauð

150 gr. hveiti
75 gr. heilhveiti
2 tsk. lyftiduft
pínu salt
2 tsk kanill (rúmlega)
150 gr sykur
3-4 stappaðir bananar
75 gr brætt smjör
2 hrærð egg

Svo bæti ég út í smátt skornu suðusúkkulaði og söxuðum hnetum, má sleppa báðum.

Sett í skál, hrært með sleif og beint í smurt mót, bakað í 50-60 mín. við 180-200 gr.



STYRKARSJÓÐUR BSRB

Heilsustofnun NFLÍ

Sjóðsfélagi sem hefur verið félagsmaður í 12 mánuði af síðustu 24 fær styrk til meðferðar hjá heilsustofnuninni í Hveragerði. Greiddar eru 1.500 kr. á dag fyrir allt að 20 daga á ári. 30.000 kr. að hámarki.

Flugávísanir með Iceland Express



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hefur nú aftur sölu á flugávísunum frá Iceland Express til félagsmanna.

Flugávísanir kosta til félagsmanna kr. 11.000,- sem er 45% afsláttur af flugávísun (gjafabréfi) sem er að verðgildi kr. 20.000,-

Félagsmenn sem áhuga hafa á að nýta sér þetta afsláttartilboð þurfa að:

* Sækja um á heimasíðu félagsins á þar til gerðu formi.

* eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 525-8330 milli kl. 9,00-16,00 og láta skrá sig

* Senda fax í síma 525-8339

Upplýsingar sem þurfa að koma fram eru: Nafn, kt. Vinnustaður, símanúmer, heimilisfang, netfang

Í boði verða 300 flugávísanir og getur hver félagsmaður fengið mest tvær.

Verði umsóknir fleiri en þær flugávísanir sem í boði eru verður dregið úr umsóknum.

Orlofssjóður áskilur sér rétt til að færa alla þá sem fengið hafa úthlutað flugávísunum inni orlofskerfi þó síðar verði.

Umsóknar frestur er til og með 24. sept. n.k. Þann 29. sept. verður sendur tölvupóstur á þá sem dregnir voru út og í honum munu koma fram upplýsingar varðandi greiðslu sem skal vera lokið 6. október. Þeir sem sækja um símleiðis og fá úthlutun, munu fá sent bréf þar sem þeir munu fá ívið lengri greiðslufrest.

Hafi greiðsla ekki borist fyrir réttan tíma verður flugávísunum endurúthlutað

Gildistími flugávísananna er 2 ár.

Hægt er að nota flugávísanirnar í allar ferðir Iceland Express og gildir einu hvort um venjulegt flug er að ræða eða sérstök tilboð.

ATHUGIÐ

Þeir umsækjendur sem ekki fá tilkynningu með tölvupósti eða bréfi hafa því miður ekki haft heppnina með sér að þessu sinni.

Hugmyndabanki félagsmanna

Ákveðið hefur verið að opna svokallaðan hugmyndabanka fyrir komandi kjarasamninga þar sem félagsmenn geta á heimasíðu félagsins www.strv.is sent inn bæði hugmyndir og ábendingar um það sem betur má fara í kjarasamningum. Samningarnefndir félagsins hvetja félagsmenn til þess að koma sínum skoðunum og hugmyndum á framfæri.

Gott að vita! Námskeið og fyrirlestrar á vegum St.Rv. og SFR - Haustönn 2008

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á haustönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrána og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst. Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðu eða skrifstofu félagsins:
-Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.), www.strv.is, sími 525-8330

Stafganga

Tími:

a) Mán./mið 6., 8., 13., 15. og 20. okt. kl. 18-19

b) Þri./fim. 21., 23., 28., 30. okt. og 4. nóv. kl. 18-19.

Lengd: 5 klst.

Staður: Fyrsti tími er á Grettisgötu 89, 1. hæð og hinir í Laugardalnum.

Leiðbeinandi: Halldór Hreinsson,

stafgöngukennari og göngufararstjóri m.m.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:

Fjallað verður um stafgöngu, sem hefur farið eins og eldur í sinu um Evrópu, og hvaða tækni er best að beita við slíka göngu. Námskeiðið er þannig uppsett að fyrsti tíminn er fyrirlestur og næstu 4 tímar eru gönguæfingar. Gengið verður í Laugardalnum (hist við Skautahöllina). Rannsóknir hafa leitt í ljós að brennslan er 20% meiri en í venjulegri göngu og stafgangan styrkir líkamann að auki 40% meira en venjuleg ganga.

Ég get haft áhrif á lífsgæði og launin mín!

-Samningatækni fyrir konur

Tími:

a) Þri. 7. og mið. 8. okt. kl.9-12.

b) Þri. 21. og mið. 22. okt. kl. 9-12.

c) Þri. 11. og mið. 12. nóv. kl. 16:30-19:30.

Lengd: 2 skipti, 6 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun og markaðsstjóri Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:

Á námskeiðinu eru kynnt helstu hugtök í samningatækni með áherslu á stöðu kvenna og reynslu þeirra af samningum. Mörg vandamál sem taka þarf á í samningaferlum hafa lítið sem ekkert með kyn að gera, en reynsla mótar það hvernig fólk bregst við vandamálum

Nýtt

og kyn hefur mikil áhrif á reynsluheim. Rannsóknir sýna einnig að konur spreya sig sjaldnar í samningum. Á námskeiðinu verður farið í verklegar æfingar þar sem aðferðum samningatækninnar verður beitt. Sérstaklega er dregið fram hvernig reynsluheimur kvenna nýtist í samningum og leitað svara við því hvað konur færa að samningaborðinu sem karlar hafa ekki.

Markmiðið með námskeiðinu er að kynna konum grunnhugmyndir samningatækninnar og þjálf þær í að nota samningatæknina í samskiptum sínum og samningum, sér og vinnustöðum sínum eða atvinnurekendum til hagsbóta.

Hverjum er námskeiðið ætlað?

Námskeiðið er ætlað konum sem þurfa að semja á vinnustöðum eða inni á heimilinu. Það hentar konum í öllum starfsstéttum og stöðum, enda er gengið út frá því að samningar séu hluti af daglegu lífi og að hægt sé að fá betri niðurstöður með því að beita markvissum aðferðum en ekki.

Ljósmyndun – minni og stærri vélar

Tími:

a) Minni vélar: Þri. 7., 14. og 21. okt. kl. 16:30-19:30.

b) Stærri vélar: Þri. 4., 11. og 18. nóv. kl. 16.30-19.30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson áhugaljósmyndari.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:

Á námskeiðinu verður farið í helstu stillingar á vélinni og kennnd undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndataekni auk almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.). Gefin verða góð ráð hvernig á að setja myndir í tölvu, senda myndir í tölvupósti og prenta út, auk þess að skipuleggja myndasafn og geyma myndir.

- Ath. Æskilegt er að þátttakendur hafi meðferðis stafræna myndavél og að hún sé fullhlaðin.

Tjáning í töluðu máli

Tími: Fim./þri. 6., 11., 13., 18., 25. og 27. nóv. kl.

19:30-22.Lengd: 6 kvöld, 15 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Kristín Á. Ólafsdóttir

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:

Þátttakendur öðlist færni í að flytja ræðu fyrir hóp af fólki. Farið verður í grunnatriði varðandi uppbyggingu og flutning ræðu og einnig skoðaðir þærttir sem skipta máli í umræðum.

Fjármál

Tími: Mið. 8., 15., 22., 29. okt. og 5. nóv. kl. 16-18:30.

Lengd: 5 skipti, 12,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Garðar Björgvinsson fjármálaráðgjafi
Ekkert þátttökugjald.

Nýtt

Lýsing:

Námskeið ætlað fjölskyldum og einstaklingum sem hafa hug á að endurskipuleggja fjárhaginn.

Námskeiðið er byggt á hugmyndafræðinni, Leiðin til velgengni. Þar er fjallað um hvað hver og einn þarf að tileinka sér í hugsun og hegðun til að fjármál séu í lagi. Fjallað er um hvernig bágrni stöðu er komið í jafnvægi og hvernig vaxa má þaðan. Einnig er fjallað um helstu hindranir og vinnuáferðir til að ná árangri.

Skapandi skrif

- um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta.

Tími: Þri. 14., 21. og 28. okt. kl. 19-22:30.

Lengd: 10,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.
Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:

Á þessu námskeiði miðla ég af reynslu minni á sviði skapandi skrifa og beini sérstaklega athyglinni að mikilvægi sögunnar í daglegi lífi okkar allra. Það er mannum eiginlegt að tjá tilveru sína í sögum af öllu tagi og það er ekki síst þeirra vegna sem líf okkar öðlast merkingu þegar allt kemur til alls. Með aukinni meðvitund um þann sagnaanda sem við höfum yfir að ráða opnast okkur fleiri leiðir til að tjá og túlka á nærandi hátt það líf sem við lifum og byggja upp innihaldsríkari og jákvæðari samskipti við aðra.

Á námskeiðinu kynni ég til sögunnar einföld en notadrjúg verkfæri fyrir þátttakendur að nýta til eigin skráningar og sköpunar, þar sem tilgangurinn er fremur að skerpa eigin meðvitund og upplifanir fremur en skapa stórvirki á bókmenntamarkaði – þó slíkt sé vissulega velkomið í leiðinni.

Form; Stuttir fyrirlestrar, einföld verkefni og samræður.

Heimur sígildrar tónlistar

Tími: Fim. 6., 13., 20. og 27. nóv. kl. 19-22:30.

Lengd: 10 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Ólafur Elfsson píanóleikari
Ekkert þátttökugjald.

Nýtt

Lýsing:

Ólafur mun leiða þátttakendur inn í heim sígildrar tónlistar á afar aðgengilegan og skemmtilegan hátt á fjórum kvöldum.

Námskeiðsgestir verða fræddir um lykilatriði, forms og stíls sígildrar tónlistar frá Barokktímanum fram til 20. aldar. Spurningum sem verður svarað á námskeiðinu eru til dæmis hvað er kontrapunktur, fúga, sönötuform, sinfónía og konsert.

Leitað á vefnum

Tími: Þri. 4. nóv. kl. 16-18

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Hadda Þorsteinsdóttir
upplýsingabókavörður
Ekkert þátttökugjald.

Nýtt

Lýsing:

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja auka hæfni sína við leit á netinu. Kynntar verða aðferðir og hjálpartæki við almenna leit sem eru leitarvélar, efnisskrár og efnisgáttir.

Sérstaka áhersla fær Google leitarvélin en farið verður yfir helstu leitaráferðir sem Google býður upp á ásamt öðrum eiginleikum hennar.

Hádegisfróðleikur

Bætt vinnuumhverfi betra líf

-Áhættumat og forvarnir eru leiðin

Tími: Mán. 20. okt. kl. 12-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Fyrirlesari: Guðmundur Kjerúlf, verkefnastjóri á fræðsludeild Vinnueftirlitsins.

Ekkert þátttökugjald.

Athugið boðið er upp á samloku og drykk.

Nýtt

Lýsing:

Áhættumat er þema vinnuverndarvinnunnar að þessu sinni og af því tilefni verður fjallað um áhættumat fyrir vinnustaði í hádegisfróðleikum. Vinnuverndarvikan stendur yfir 20. – 24. okt. og verður sjónum beint að mikilvægi þess að gert sé áhættumat fyrir alla vinnustaði. Enginn vinnustaður er í raun undanskilinn. Áhættumatið á að styrkja vinnuverndarstarfið innan fyrirtækjanna með skýrri ábyrgð og virkni atvinnurekenda, stjórnenda og kerfisbundinni þátttöku starfsmannanna sjálfra með hjálp öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Fyrirhugaðir hádegisfyrirlestrar

Þegar fréttabréfið fór í prentun var ekki endanlega frágengið með fyrirlestra í nóvember og desember.

Um leið og það verður ljóst munum við kynna það á heimasíðu félagsins.

VIKA SÍMENNTUNAR 2008 Örnámskeið Framvegis inn á vinnustaði

Vika símenntunar verður 22.-28. september 2008. Markmið viku símenntunar er að auka símenntun í íslensku atvinnulífi og hvetja fólk til að leita sér þekkingar alla ævi.

Í viku símenntunar 2008 er lögð áhersla á fræðslu í fyrirtækjum og sem fyrr að ná til þeirra sem hafa litla formlega menntun. Miðvikudagurinn 24. september er árlegur símenntunardagur í fyrirtækjum og stofnunum. Fyrirtæki eru hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum, t.d. með því kynna starfsmönnum fræðslustefnu fyrirtækisins, bjóða upp á námskeið eða fá kynningar frá fræðsluaðilum, stéttarfélögum eða styrktarsjóðum.

Fræðsluaðilar, fyrirtæki, stofnanir, samtök og allir þeir sem koma að símenntun eru hvattir til að nýta sér verkefnið til hvatningar og kynningar á því símenntunarstarfi og starfsþjálfun sem fram fer hér á landi.

Menntamálaráðuneytið stendur fyrir viku símenntunar en framkvæmd verkefnisins er í nánú samstarfi við símenntunarstöðvarnar nýu á landsbyggðinni, Framvegis á höfuðborgarsvæðinu og Mími-símenntun.

Vika símenntunar er stórt og árvísst verkefni þar sem fjölmargir hagsmunaaðilar eru kallaðir til samstarfs um að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og hvetja fólk til að leita sér þekkingar.

Örnámskeið Framvegis

Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík, býður upp á örnámskeið inni á vinnustöðum í tilefni Viku símenntunar. Heiti þessara örnámskeiða eru: „Kann ég allt, get ég allt?“, „Rítara- og skrifstofustjóranámið“, „Þjónusta fyrir starfsmenn hins opinbera“ og „Að hefja nám“ sem er námskeið með námsráðgjafa. Þeir sem hafa áhuga á að panta eitthvert þessara námskeiða geta sent beiðni á netfangið framvegis@framvegis.is eða hringt í síma 581-4914.



Framvegis – miðstöð um símenntun býður upp á margvísleg námstilboð. Við hvetjum félagsmenn til þess að skoða nýja heimasíðu þeirra framvegis.is

Fjölbreytt fræðsla Fræðslusetursins Starfsmenntar

Fræðslusetrið Starfsmennt býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða í haust fyrir starfsfólk og stofnanir. Markmið með námi Starfsmenntar er að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum og greiða leið að metnaðarfullri símenntun. Allt nám á vegum Starfsmenntar er unnið í samráði starfsmanna og stjórnenda og klæðskerasniðið að þörfum stofnana og starfshópa. Námið er félagsmönnum flestra aðildarféлага BSRB að kostnaðarlausu og nýverið bættust í þann hóp bæjarstarfsmenn sem tilheyra Mannauðssjóði KJALAR. Fjölbreytt og sveigjanleg þjónusta á sviði símenntunar og starfsþróunar er því í boði um allt land og skráningar nú þegar hafnar á vef Starfsmenntar.

Almenn færni: Tungumál og tölvur

Almenn námskeið Starfsmenntar eru opin öllum og miða að því að efla almenna og nú orðið sjálfsagða hæfnisþætti sem nýtast allstaðar. Hér er m.a. um að ræða enskunám sem er í boði víðsvegar um landið, þar sem talmál er þjáfað Þessi námskeið hafa notið mikilla vinsælda enda er einhver tungumálakunnátta okkur öllum nauðsynleg. Þá eru í boði fjarkennd tölvunámskeið þar sem nemendur ráða hraða og yfirferð. Hér er um að ræða endurnýjuð 80 stunda grunnnámskeið og sex framhaldsnámskeið þar sem farið er dýpra í einstaka forrit. Á framhaldsnámskeiðunum er fjallað um Word, Excel, Myndvinnsluforrit, Power Point, Outlook og Publisher. Á skráningarsíðum má sjá meðmæli nemenda sem flestir hrósa þessum námskeiðum í hástert.

Samskipti og stjórnun

Mikilvægi samskipta má aldrei vanmeta og hafa þau mikil áhrif á líðan fólks á vinnustað. Oft er mönnum hollt að líta í eigin barm þegar samskipti eru erfið og ná þannig stjórn á eigin upplifunum. Samskipta- og sjálfskönnunarnámskeið Starfsmenntar eru fjögur talsins og mismikil að efnum. Framrás I (36 stundir) er í fararbroddi undir handleiðslu Jóhanns Inga Gunnarssonar, sálfræðings og fer námið fram hjá Endurmenntun Háskólans. Þá er boðið upp á Rekspöl I

(60 st.) sem oft hefur lagt grunn að frekari landvinningum þátttakenda á sviði menntunar. Vinnustaðarmenning er hugtak sem fær sífellt meira rými í orðræðunni og að því er hugað á námskeiðinu Starfsandi og samstarfsvilji (12 st.). Tjáning og framsögn er eflað í Að tjá sig án kvíða (16 st.) og eftir þau námskeið hefur margur verið öruggari með sig og sigrast á slæmum sviðskrekk. Stjórnunarnámskeið Starfsmenntar er á sviði verkefnastjórnunar og hefur það tveggja daga námskeið verið afar vel sótt og biðlistar myndast. Tvö námskeið verða haldin í haust þar sem bæði aðferðir og helstu forrit verða kynnt. Þá er námskeið í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur í uppsiglingu og verður það auglýst nánar á netinu síðar í haust.

Starfstengt nám og samstarf við stofnanir

Stærsti hluti þjónustu Starfsmenntar eru starfstengdar námsleiðir sem settar eru upp í samstarfi við stofnanir. Um er að ræða nám sem ætlað er tilteknum hópum en bjóða um leið upp á einstaklingsbundið val. Þátttakendur velja því ákveðna námsþætti úr heildstæðum námspakka sem hentar þeirra þörf fyrir símenntun. Stuðningsfulltrúar geta þannig sótt starfsnám stuðningsfulltrúa og Stoð þeirra heldur áfram á Ísafirði. Þá er Vinnumálaskólinn fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar á fullri ferð og boðið upp á fjölda námskeiða í Reykjavík og á Sauðárkróki. Sama má segja um Vísdom sem ætlaður er starfsmönnum dómstóla og Járnsíðu sem starfsmenn sýslumannsembætta nýta sér. Þar verða þrjár lotur í boði í Kópavogi en hægt að kalla eftir námskeiðum heim í hérað. Það sama á reyndar við um aðrar ríkisstofnanir. Þær geta nýtt sér margskonar þjónustu á sviði símenntunar og mannauðsefningar s.s. fengið Ráðgjafa að láni eða kallað eftir farandfyrirlestri sem nýtið félagsmönnum Starfsmenntar.

Nám fyrir heilbrigðisstéttir

Starfsfólk á heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum er stór hluti þjónustuþega Starfsmenntar. Heilsa er þverfagleg námsleið sem búin

var til fyrir þennan hóp og undir nafni Heilsu verður boðið upp á 20 stunda nám í mannauðsstjórnun á Selfossi og á Reyðarfirði. Hér er um nýjung að ræða sem starfsfólk er hvatt til að nýta sér til að kynnst innviðum þessarar stjórnunaraðferðar. Læknaritara hafa löngum unnið með Starfsmennt að þeirra símenntun og verða þrjú námskeið í boði á þessu hausti. Stjórnun verkefna og gæða verður haldið í annað sinn og nýtt 24 stunda hagnýtt enskunámskeið haldið af kennara sem fékk mikið lof meðal læknaritara síðast. Þá verður afar fróðlegt nám haldið á Akureyri um Skjalastjórnun og úrvinnslu upplýsinga. Hæfni er heiti á námsleið fyrir heilbrigðisritara og verða tvær 20 stunda lotur í boði. Annarsvegar Stjórnun verkefna í Reykjavík og hinsvegar Miðlun og framsetning upplýsinga á Sauðárkróki. Þá eru námskeið um starfsmannasamtöl haldin víðsvegar um landið í samráði við stofnanir en einnig opin öllum.

Allt utanumhald rafrænt

Starfsmennt á yfir að ráða einu öflugasta vefkerfi í símenntun á landinu. Farið var út í það að sérhanna vefkerfi fyrir Starfsmennt á sínum tíma þar sem setrið

sinnir allri landsbyggðinni og stýrir því námi um allt land. Öll umsýsla námsins er því rafræn og skilaboð samræmd þannig að þátttakendur þurfa að skrá sig til leiks á heimasíðu Starfsmenntar og eiga þar sitt eigið heimasvæði. Inni á því svæði er hægt að nálgast námsgögn, yfirlit yfir öll tekin námskeið hjá Starfsmennt og viðurkenningarskjöl. Undanfari þess að fá þátttökuskjal er að taka þátt í mati á gæðum námsins og þannig er tryggt að rödd neytenda kemst til skila og að gæði í símenntun aukist.

Starfskonur Starfsmenntar hlakka til áframhaldandi samstarfs og hvetja félagsmenn til að skrá sig til leiks á heimasíðu setursins www.smennt.is



Símenntun ber ávöxt

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og stéttarféлага innan BSRB. Starfsmennt sinnir símenntun og starfsþróunarverkefnum um allt land í krafti öflugs samstarfsnets og nútíma samskiptatækni.

Fræðslusetrið Starfsmennt býður upp á:

- Starfstengdar námsleiðir fyrir starfsmenn ríkisins
- Almenn námskeið sem nýtast öllum starfsstéttum
- Einstaklingsmiðað fjarkennt tölvunám
- Ráðgjafa að láni til ríkisstofnana
- Farandfyrirlestra á vinnustað
- Náms- og starfsráðgjöf

www.smennt.is

Vangaveitur um starfsmat

Halldór Gunnarsson



Sem nýr starfsmaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar varð ég fljótlega að kynna mér starfsmatið, sem var fyrirbæri sem ég hélt nú að ég vissi eitthvað um, en komst

fljótlega að því að ég vissi nú lítið sem ekkert. Ég hreyfst ákaflega að hugmyndafræðinni bak við starfsmatið, þarna var komið almennilegt tól til að jafna launamun, bæði kynja og þess vegna menntunar á mótí starfsreynslu. Störfín væru bara einfaldlega metin eftir þeim kröfum sem gerðar væru til starfsins og fólk fengi greidd laun eftir því mati.

En það er eins með starfsmatið og hinn fullkomna sumardag, þegar maður ætlar bara að njóta sólarinnar og gera ekkert annað, þá skal alltaf vera geitungur einhversstaðar á sveimi og þar sem það er einn, þá eru mjög líklega einhverjir fleiri.

Hver er þá geitungurinn? Að mínu mati eru það við sjálf, það verður víst aldrei til hið fullkomna hlutlausa starfsmat, mannshugurinn kemur

alltaf þar við sögu og samkeppnin meðal mannskeppunnar er oft ákaflega mikil. Því mun það ávallt verða svo að þegar einhver hópur nær fram hækkun á starfsmati, eftir þó nokkurn langan og fræðilegan feril, þá mun alltaf einhver í öðrum hóp spyrja; „af hverju fá þau hækkun? Mitt starf er miklu erfiðara“.

En þó að starfsmatsferillinn sé ekki fullkominn, þá er hann í stöðugri þróun og vonandi í stöðugum endurbótum og verður eftir því sem tíminn líður, réttlátari og réttlátari.

Halldór Gunnarsson hóf störf hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar í maí sem verkefnisstjóri kjaramála

Ég get haft áhrif á lífsgæði og launin mín! Samningatækni fyrir konur



Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands bjóða í samstarfi upp á námskeið í samningatækni fyrir konur nú á haustönn. Ánægjulegt er að segja frá því að einnig koma að þessu samstarfi SFR - stéttarfélag í almannajónustu, Starfsmannafélag Vestmannaeyja, Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu og Félag opinberra starfsmanna á

Vestfjörðum þannig að auk höfuðborgarsvæðisins verður einnig boðið upp á námskeiðið í Vestmannaeyjum, á Akureyri og Ísafirði, en Impru er með starfsstöðvar á öllum þessum stöðum.

Markmið námskeiðsins er að kynna konum grunnhugmyndir samningatækninnar og þjálfa þær í að nota samningatæknina í samskiptum

sínum og samningum á vinnustað, heima og í lífinu almennt, sér og vinnustöðum sínum eða atvinnurekendum til hagsbóta. Hátt í 200 konur hafa lokið þessu námskeiði Impru og hefur góður rómur verið gerður að þeim, og færri komist að en vildu. Enda er sífellt algengara á vinnustöðum að starfsmönnum sé boðið upp á launaviðtal og eða starfsmannasamtal en mikilvægt er að undirbúa sig vel fyrir slík viðtöl. Einn liður í því getur verið að þjálfa samningatækni.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er Sif Sigfúsdóttir markaðsstjóri viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Námskeiðið er frítt fyrir félagsmenn fyrrnefndra stéttarféлага. Skráning á www.strv.is, sjá nánar um tíma- setningar í Gott að vita dagskránni, bls. 8-9 hér í blaðinu.

Staðarhaldara að Úlfljótuvatni

Jónína Óskarsdóttir í heimsókn



Allar leiðir liggja að Úlfljótuvatni. Sú tilfinning styrkist þegar ekið er í ljósaskiptunum gegnum Þingvöll á tæru septemberkvöldi, haustlitirnir aðeins farnir að sýna sig. Ferðinni er heitið í Úlfljótsskála að hitta Pétur og Lísu nýju staðarhaldarana. Möguleikarnir á að velja heimleiðina eru margir og spennandi; Torfastaðaleiðin að Ingólfsfjalli og heidina heim, keyra aðalveginn framhjá Ljósavatnslaug og síðan Hellisheiðina, Þingvallaleiðina aftur eða stystu leiðina sem er Nesjavallaleið. Pétur samþykkir að taka á móti blaðamanni með engum fyrirvara en Lísa er því miður stödd á Selfossi.

Fyrir marga sem dvalið hafa í starfsmannabústöðunum við Úlfljótuvatn undanfarin sumur er það skrítn tilfinning að hitta ekki lengur fyrir staðarhaldarana Vigni og Boggu.

Þau voru eiginlega orðin hluti af herlegheitunum! Nú hafa þau hins vegar lokið farsælum starfsferli sínum á Úlfljótuvatni og nýir “hlauparar” teknir við keflinu.

Nýju umsjónarmennirnir í orlofsbyggðinni á Úlfljótuvatni eru Pétur Ingi Frantzson og Sigríður E. Sigmundsdóttir garðyrkjufraeðingur, kölluð Lísa.

Þau búa þar ásamt dóttur Lísu, Gígy Njarðardóttur sem verður 12 ára eftir 2 mánuði. Hún er nýbyrjuð í skóla á Borg í Grímsnesi. Hún var svo heppin að fá þar uppáhaldskennarann sinn frá gamla skólanum sínum á Selfossi.

Pétur hafði stundum leyst Vigni og Boggu af í þeirra fríum. Hann var nýlega hættur sem umsjónarmaður í Miðbæjarskóla ásamt öllu því sem tilheyrði Námsflokkunum. Pétur hefur verið mjög virkur í íslenska skokkheiminum og þjálfað og stofnað hópa á Reykjavíkursvæðinu og víðar auk þess að fara eins og

stormsveipur um landið og stofna skokkhópa í hverju plássi.

Er okkur bar að garði voru Pétur og Lísa rétt búin að ganga frá, því hópur samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var nýfarinn eftir tveggja daga námskeið með fæði og gistingu.

Fyrir utan að sinna gestum orlofshúsanna og öllu sem staðurinn kallar á taka Pétur og Lísa að sér hverskyns veislur, námskeið og ættarmót. Þau eru haldin í skálanum og bústaðirnir gjarnan leigðir út líka í tengslum við uppákomurnar.

Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eiga skálann.

Vinnutíminn hjá umsjónarmönnum er 24 tímar 7 daga vikunnar. Pétur telur mikilvægt að hafa í huga að þetta sé þjónustufyrirtæki og segir það mikið atriði að hitta fólkið þegar það kemur og fer.

Orkuveitan á land alveg frá Reykjavík að Úlfljótuvatni og eru með heilmikla skógrækt á svæðinu. Þar má nefna Barnaskóga sem eru í nágrenni orlofsbyggðarinnar en þar er á hverju ári gróðursett eitt tré fyrir hvert barn sem fæddist árið á undan. Lísa hefur komið öflug að starfinu þar. Skólaskógar eru líka rétt við innkeyrsluna að orlofshúsum.

Fyrir var Pétur í stjórn Starfsmannafélags Strætó og kom sem ungur maður að skoða aðstæður áður en orlofsbyggðin var reist.

Pétur var einnig í stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í 10-11 ár. Trúnaðarmaður hjá strætó og seinna 8. deildar sem er starfsfólk grunnskólanna á Reykjavíkursvæðinu. Hann fór sem trúnaðarmaður í gróðursetningarferðir og sá fljótlega möguleikana, fékk trú á staðnum.

Pétur viðurkennir að í fyrstu hafi honum ekkert litist á að reist yrðu orlofshús á Úlfljótuvatni en „smám saman varð ég heillaður af staðnum”. Og hann heldur áfram „Ég hef aldrei fengið vont veður sem gestur á Úlfljótuvatni – bara fallett veður”. Og hana nú.

Að sögn hefur hann síðan þá „alltaf langað hingað”.

Þegar blaðamaður spyr hvort ekki sé mikilvægt að vera mannþekkjari í þessu starfi segir Pétur það ekki verra. Hingað komi fólk á öllum aldri af öllum gerðum og með mismunandi væntingum.

Það fer afbragðs vel um nýju staðarhaldarana á Úlfjótstvatni og starfið er draumur fyrir Lísu sem garðyrkjufræðing. Opnunartími skálans er nú breyttur, fer eftir veðri. Þau eru búin að taka út gönguleiðir í nágrenninu og hafa boðið gestum að mæta í gróðursetningu sem hefur verið vinsælt.

Þau hafa fengið „frábært sumar, góða gesti og það hefur verið dúndur veiði í vatninu. Einn af fullorðnu gestunum fékk marífiskinn sinn á ryðgaðan spúnrafíl, fimm punda bleikju 57 cm. á lengd”.

Annar gestur kom og sýndi Pétri veiðina; 20 fiska á flugu á bát sem hann dró eða lét reka. Hann var svo örlátur að hann gaf Pétri 17 fiska.

Þau Lísu dreymir um hvers konar námskeiðshald í skálanum t.d. þurrskreytingarnámskeið eða blómaskreytingar. Það væri ekki úr vegi því á einum veggnum hangir dýrindis þurkaður njólakrans úr njóla sem tíndur hefur verið rétt við bæjardyrnar.

Hlaupararnir á Úlfjótstvatni.

Í sumar lögðu Pétur og Lísa land undir fót og tóku þátt í maraþonhlaupi í Tíbet og voru þar hálfan mánuð. Þetta er eitt það erfiðasta hlaup í heimi um erfið landslag. Þau lentu reyndar í því að farangrinum þeirra var stolið svo þau urðu að láta sér nægja hlaupagalla og náttföt allan tímann. Þau náðu ekki að undirbúa sig mikið fyrir hlaupið svo þau urðu að „Hlaupa þetta á hamingjunni”. Á næsta ári stefna þau á maraþon í Suður Afríku.

Þau Pétur og Lísa hafa hlaupið kringum Úlfjótstvatn og að Þrastarlundi mislanga hringi.

Í bígerð er að stofnaður verði skokkhópurinn Minnstur á Úlfjótstvatni. Hann samanstendur af Pétri, Lísu og frúnni á Úlfjótstvatnsbænum.

Pétur var þjálfari hjá World Class eftir að þeir opnuðu í Laugum. Laugaskokk heitir hópurinn þar, en auk þess var hann með skokkhóp á Selfossi. Hann hefur unnið við Reykjavíkumaraþonið á hverju ári og séð um

pastaveislu fyrir hlaupið. Laugaskokk er í raun samsuða úr skokkhóp Hreyfingar og Námsflokka. Pétur hefur einnig verið með starfsfólk ráðhússins og Símans í hreyfipjálfun.

Pétur hefur ekki alltaf verið hlaupari. Hann byrjaði í „Aldrei of seint” 90-91 en það var skokkhópur á vegum Námsflokka Reykjavíkur. Áður var hann stór-stór-reykingamaður.

Fyrsta hlaupið hans fór fram í Vorsabæ en þá ældi hann eins og múkki þegar hann kom í mark. Honum var þá vinsamlega bent á að það þýddi ekki að reykja og hlaupa.

Honum tókst að hætta að reykja. Hálfum mánuði eftir að hann hætti og var við það að falla sagði sonur hans “pabbi, finnst þér ekki góð lyktin hjá okkur eftir að þú hættir að reykja”. Þetta voru töfraorðin sem fengu hann til að standast freistinguna.

Nú er Pétur það sem kallast 100 km. hlaupari. Hann segir að galdurinn við haup sé að komast fyrstu 10 km. „eftir það er restin í höfðinu á þér”.

Með þessum skemmtilegu orðum í veganesti kveðjum við Pétur staðarhaldara og þökkum fyrir dýrindis jólakökur og kleinur bakaðar af Lísu og veljum Nesjavallaleiðina til að ná birtunni á heimleiðinni.



VIKA SÍMENNTUNAR

22.–28. september 2008

Styrktu stöðu þína!

